

Til móts við próttmikið þriðja æviskeið


Leiðarvísir BALL verkefnisins vekur athygli víða um heim

Hvað þarf ég að gera til að njóta áraanna eftir miðjan aldur sem best? Næri ég með mér drauma eða langanir sem ég vil láta rætast eða hugmyndir sem ég vil koma í framkvæmd? Vil ég takast á við nýja hluti, nýtt starf, afla mér meiri menntunar eða hefja eigin rekstur? Hefur mér tekist að búa mig undir starfslokinn sem nálgast? Hversu lengi vil ég vera á vinnumarkaði? Í vestrænum velferðarsamfélögum hefur fólk á aldrinum 50–55 ára þegar sinnt launuðu starfi um 25–35 ára skeið, á ef til vill 10–15 ár eftir á vinnumarkaði og getur átt von á að lifa upp undir 20 ár eftir starfslok ef heilsan leyfir. Það skiptir hvern og einn gríðarmiklu máli að spyrja þessara spurninga og hefja undirbúning sem fyrst til þess að geta notið próttmikils þriðja æviskeiðs.

Evrópska samstarfsverkefninu BALL (Be Active through Lifelong Learning) - Verum virk með ævinámi, er nú lokið eftir tveggja ára þróunarstarf. Markmið verkefnisins var að skilgreina leiðir til þess að undirbúa sig sem best og í góðum tíma undir síðari hluta ævinnar, þriðja æviskeiðið. U3A Reykjavík átti hugmyndina að þessu verkefni og hefur verið faglega leiðandi í samstarfi við U3A í Lublin, Póllandi og Alicante, Spáni, með verkefnisstjórn í höndum ráðgjafarfyrirtækisins Evris ses. Verkefnið var unnið með styrk frá Erasmus+ áætlun ESB. Niðurstöðurnar eru birtar í bókinni: “Til móts við próttmikið þriðja æviskeið” sem er leiðarvísir ætlaður öllum þeim sem láta sig slík málefni varða.

Leiðarvísirinn hefur verið gefinn út á fjórum tungumálum, ensku, íslensku, pólsku og spænsku og má finna á vefsíðum verkefnisins www.ball-project.eu auk þess sem hann var prentaður í takmörkuðu upplagi.

Leiðarvísirinn byggir á þrenns konar aðgerðum sem staðið geta sjálfstætt, en tengjast jafnframt þannig að bestur ár-



Hans Kr. Guðmundsson, greinarhöfundur, gefur Qicun Yang, forseta eins af háskólum þriðja æviskeiðsins í Kína, bókina um þriðja æviskeiðið á ráðstefnunni í Osaka í Japan.



angur næst með því að framkvæma þær sem eina heild. Þær beinast að öllum hagsmunaaðilum; ríki, sveitarfélögum, stofnunum, fyrirtækjum, samtökum og stéttarfélögum og ekki síst einstaklingnum sjálfum. Tillögur um aðgerðir eru í stuttu máli:

Vitundarvakning, átak sem snýst um gildi og mikilvægi þriðja æviskeiðsins og beinist bæði að þjóðfélaginu í heild og einstaklingnum sjálfum.

Menntastofja einstaklingsþroska, sem ætlað er að styðja þá sem finna hjá sér þörf til að vega og meta styrkleika sína og langanir og setja sér markmið með

það í huga að búa sig undir efri árin.

Vörubús tækifæranna á þriðja æviskeiði, sem er safn upplýsinga í sýndarrými, þ.e. vefgátt sem veitir fólki aðgang að fjölbreyttum tækifærum og lausnum sem geta nýst þeim til að ná markmiðum sínum.

Tillögurnar, sem lagðar eru fram, hafa mótast í kjölfar ítarlegrar prófunar á grundvelli tilraunaverkefna og fundarhalda með fulltrúum ýmissa samtaka sem láta sig málefni eldri borgara varða, sem og hópum fólks sem komið er á eða nálgast þetta æviskeið. Að auki var tekið tillit til væntinga og skoðana sem fram komu í ítarlegum viðhorfsskönnunum í samstarfslöndunum þremur.

Á Íslandi hefur verkefnið verið unnið í nánu samstarfi við BHM og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, Landsvirkjun og Reykjavíkurborg, sterka bakhjarla sem hafa veitt ómetanlega aðstoð við þróun þessara hugmynda og mat á gildi þeirra fyrir íslenskan veruleika. Fjölmargir einstaklingar hafa komið að vinnu við rannsóknir, gagnasöfnun og hugmyndavinnu. Sérfræðingar, markþjálfar og ráðgjafar um undirbúning að starfslokum hafa veitt viðtöl og tekið þátt í gagnlegum hugarflugsfundum.

Leiðarvísínum hefur verið mjög vel tekið víða um heim og hlotið jákvæð viðbrögð. Niðurstöðurnar hafa verið kynntar á ráðstefnum innanlands og erlendis og á öðrum alþjóðlegum vettvangi. Meðal annars hafa mikilvægir fjölmiðlar eins og BBC og The Times vakið athygli á tillögum.

Það er okkur, sem höfum unnið að þessu verkefni nú um tveggja ára skeið, sönn ánægja að koma leiðbeiningunum á framfæri í von um að þær komi bæði samfélagi og einstaklingum að góðu gagni. Í undirbúningi er svo framhaldsverkefni þar sem ætlunin er að koma þessum tillögum í framkvæmd og hefur þegar verið samþykkt til stuðnings af hálfu ESB.